



**Ávarp forseta Íslands
á Norrænni framtíðarráðstefnu í Reykjavík,
20. mars 1997**

Heiðruðu ráðstefnugestir,

Fyrir þúsund árum fóru norrænir menn víða um veröld, fundu ný lönd og álfur og höfðu að leiðarljósi löngunina til að fara ótroðnar slóðir, nema og skilja hið óþekkt.

Það varð hlutskipti íslenskra bænda að færa í letur frásagnir af örlögum þessara landkönnuða og í fátækt sinni geymdi þjóðin þær gersemar um aldir.

Á fyrri hluta síðustu aldar spruttu úr þessum bókmenntum frjósprotar íslensks sjálfstæðis sem síðan hafa vaxið og orðið að sterkri sjálfsvitund eyþjóðar í norðurhöfum.

Rætur Íslendinga, réttlæting á sjálfstæðum sessi okkar í samfélagi þjóðanna, eru á órjúfanlegan hátt samofin sögunum sem sérhvert íslenskt barn nemur um Hrafna-Flóka sem gekk upp á fjall, sá ís í firði og gaf landinu nafnið Ísland; um Ingólf Arnarson sem henti öndvegissúlum í hafið, leitaði þeirra meðfram ströndinni, fann þær loks í vík þar sem reyk lagði til himins og hlaut sá staður nafnið Reykjavík; og um Leif Eiríksson sem fæddur var á Vesturlandi og fann árið 1000 landsvæði sem nefnt var Vínland en er nú Ameríka.

Bókmenntir víkingaaldar og íslenska þjóðveldisins veita einnig glæstar lýsingar á norrænum konungum, glímu þeirra um yfirráð og orðstý. Sá arfur hefur um aldur verið uppspretta samkenndar og frændsemi sem ætíð hafa haldið sínu gildi þótt á ýmsu hafi gengið í samskiptum norrænna manna. Í sumar munu allir þjóðhöfðingjar Norðurlanda koma saman í Kalmar til að minnast þess að 600 ár eru síðan Margréti I tókst með samningum og sáttmála að gera Norðurlönd öll að einu ríki.

Því vík ég að ferðum norrænna landkönnuða við upphaf þess árþúsundar sem nú er senn á enda og að arfleifð fyrri alda sem bundið hefur norrænar þjóðir saman á okkar tímum að í ölduróti

byltingarkenndra breytinga sem nú móta heiminn allan þá skapar sagan sjálfsvitund sem er okkur dýrmætari en flest annað; og einnig vegna þess að hún færir okkur sérstöðu í samfélagi þjóðanna, sérstöðu sem aðrir telja verðmæta auðlind.

Norrænar þjóðir hafa þróað samfélag þar sem lýðræði og mannréttindi eru hreyfiafl daglegrar lífsreynslu en ekki aðeins formsatriði í lögboókum. Við höfum gert velferð einstaklinga - menntun, umönnun, hjúkrun og félagslegt öryggi - að víðtæku samkomulagi um ráðstöfun arðsins af efnahagslegum framförum. Við höfum þróað stjórnkerfi sem er opnara, ábyrgara og óspilltara en nær öll önnur. Við höfum hagað samskiptum okkar við aðra á þann veg að það óttast okkur enginn, okkur standa allar dyr opnar og fjöldi ríkja í öllum heimsálfum leitar eftir samstarf því í hinum norræna árangri sjá þau fyrirheit um framtíð sem er ekki draumsýn heldur veruleiki.

Þótt við séum oftast upptekin af daglegu amstri og umræðu um erfiðleika sem okkur finnast ærnir er hollt að líta upp úr önnunum og horfa til annarra í suðri, austri og vestri og sjá að í samanburði er hinn norræni árangur, hið norræna módel, mikilvæg sönnun þess að ófriður og stríð, kúgun og áþján, ofbeldi og harðstjórn, fátækt og harðræði eru ekki óhjákvæmilegir eðlisþættir mannlegs samfélags, að líf meðal manna þarf ekki að vera “nasty, brutish and short” eins og breski heimspekingurinn Thomas Hobbes lýsti í *The Leviathan*, um þær mundir þegar vestrænir menn fórum fyrir 300 árum að gera tilraunir með forskrift og greiningu á eðli mannlegs samfélags.

Í áradag nýrrar aldar þegar reyndar einnig nýtt árpúsund gengur í garð er verðmæti norræns samfélags fyrst og fremst fólgið í sönnun þess hvað er hægt. Að við þjóðum rúmlega eitt hundrað nýfrjálsum ríkjum, billjónum manna í öllum heimsálfum, áþreyfanlega staðfestingu á því að lýðræði, mannréttindi og velferð eru ekki búningur óljósra kenninga heldur veruleiki sem getur orðið hversdagsleg reynsla og sameign allra manna.

Þegar endalok kalda stríðsins hafa leyst heimsmyndina úr fjötrum þá hefur erindi norrænna þjóða við heiminn allan orðið nýtt og brýnna en nokkru sinni fyrr. Ekki vegna þess að við ætlum okkur hlutverk trúboðans heldur vegna þess að aðrir sjá í daglegu lífi okkar veruleika sem þau vilja gera að sínum.

Verði þróunin í átt að lýðræði, mannréttindum og velferð hreyfiafl heimsmálanna í stað togstreitu kalda stríðsins er ljóst að norrænar þjóðir

eru í hugum heimsbyggðar brauðryðjendur, landkönnuðir sem fundu og þróuðu annars konar heimkynni öllum til hagsbóta.

Á líkan hátt og norrænir sæfarar fundu Ísland og síðar heila heimsálfu í vestri um þær mundir þegar síðast urðu skil á árpúsundum bíður okkar heillandi þátttaka og jafnvel fararstjórn í leiðangri mannkyns á nýju árpúsundi, leiðangri inn á lendur lýðfrelsis og helgra réttinda sérhvers manns til þroskast og öðlast farsælt líf.

Það er fagnaðarefni að virtir fræðimenn og hugsuðir skuli sækja Ísland heim til umfjöllunar um þessa vegferð.

Ég býð ykkur velkomin til starfa.